Alþingi
Erindi nr. Þ 132/1312
komudagur 14.3.2006

FÉLAG HEYRNARLAUSRA
THE ICELANDIC ASSOCIATION OF THE DEAF

SUÐURLANDSBRAUT 24
108 REYKJAVÍK
ICELAND
Sími / tel.: (354) 561 3560
Fax: (354) 551 3567
deaf@deaf.is
www.deaf.is

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 13.mars 2006

Sendandi:
Félag heyrnarlausra
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga.**

Þskj. 79 — 79. mál. Frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000, með síðari breytingum.

Í 1.gr. frumvarpsins kemur þetta fram:
"*2. málsl. 1. mgr. 8. gr. laganna orðast svo: Það á þó ekki við þegar fluttir eru erlendir söngtextar eða þegar dreift er viðstöðulaust um gervitungl og móttökustöð fréttum, fréttatengdu efni og íþróttaviðburðum sem sýna að verulegu leyti atburði sem gerast í sömu andrá.*"

Við hjá Félagi heyrnarlausra bendum á að með nýrri og betri tækni, er nú hægt að texta samstundis. Sé um fyrrnefndar útsendingar að ræða á Skjá 1, Stöð 2, NFS eða Ríkisútvarpinu þarf efnið að vera textað. Fólk hefur þá kost á að velja að hlusta á erlenda tungumálið eða notfært sér íslenska textann. Við teljum þessa leið nauðsynlega, til þess að heyrnarlausir hafi kost á að fylgjast með öllu því sjónvarpsefni sem boðið er uppá.
Hvort sem um væri að ræða útsendingu, þar sem íslensk/ur þula/ur þýðir jafnóðum eða útsendingu þar sem engin þýðing er, geta heyrnarlausir ekki með nokkru móti fylgst með því sem fram fer.

Kveðja / With regards

Kristinn Jón Bjarnason
framkvæmdastjóri
Managing Director

Sími / Tel. +354 561 3560
SMS / Mobile +354 897 3560
Fax +354 551 3567

*Íslenskt **táknmál***
*þú hefur það í hendi þér*

AÐILD AÐ: NORÐURLANDARÁÐI HEYRNARLAUSRA (DNR) - ALHEIMSSAMBANDI HEYRNARLAUSRA (WFD) - EVRÓPUSAMBANDI HEYRNARLAUSRA (EUD)